

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í pósthúsum 101 og 107

JANÚAR 2013



1. tbl. 16. árg.



Frumherji
Bifreiðaskoðun
Hólmastóð 2
Sími 570 9000
www.frumherji.is



Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Helluhrauni 10 - Hfj.
Sími 565-4080
Verslun við litla manninn

- bls. 4
Viðtal við
Daða Guðbjörnsson
myndlistamann

- bls. 9
Aurora Erika
Luciano
básúnuleikari

Hverfisráð Vesturbæjar vill aukna strætóferðir og blakvöll!



Á fundi Hverfisráðs Vesturbæjar sl. fimmtudag á Aflagrandu 40, Vesturreitum. F.v. Gísli Marteinn Baldursson formaður, Reynir Sigurbjörnsson, Heimir Janusarson, Sigbrúður E. Arnardóttir framkvæmdastjóri í Vesturgarði, Eldar Ástþórsson og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, íþrótt- og tómstundaráðgjafi Vesturgarðs. Á fundinum var m.a. lögð fram tillaga frá félagsmiðstöðinni Frostaskjóli sem fjallar um útiðundunaraðstöðu á Ægisíðunni. Sjá nánar um fund Hverfisráðs Vesturbæjar á bls. 3.



icelandic FISH & CHIPS
Organic bistro
Tryggvagötu 8 / 101 Reykjavík
Sími/Tel +354 5 11 11 18



Hringbraut 119
Sími: 55 44444



VEISLUBAKKAR
PANTANIR Í SÍMA
517 3366
WWW.SUSHIMIDJAN.IS



sushismiðjan
RESTAURANT
VIÐ SMÁBÁTAHÖFINA
OPIÐ TIL 22:00



**PANTANIR
Á NETINU**
www.dominos.is sími 58-12345



552-2440
TAXI
Borgarbilastöðin ehf.
15% afsláttur
fyrir eldri borgara og
öryrkja miðað við staðgreiðslu



Fljótt og Gott
HEIMILISMATUR ALLA DAGA
FRÁ KL. 10.00 TIL 21.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI
FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is



Reykjavíkur Apótek
Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Melabúðin
Þín verslun

TILBOÐ

Lambakjöt

Fimmtudag - Sunnudags
17.-20. janúar, á meðan birgðir endast

Læri 1.498 kg
Hryggir 1.998 kg

Ísfugls
kjúklingabringur
með 20% afslætti

Porramaturinn er kominn!



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

1. tbl. 16. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Hver eru verkefni hins nýja árs í Vesturbænum?

Hvað boðar nýárs blessuð sól segir í nýárssálmi sr. Matthíasar Jochumssonar. Gott væri að hún boðaði einingu meðal þjóðarinnar, einingu meðal þeirra sem sitja á Alþingi og í bæjarstjórnnum enda veitir ekki af að skapa tiltrú almennings á þeim og þeirra störfum sem þar eiga sæti. Borgarstjórn Reykjavíkur fór ekki fimlega af stað eftir kosningarnar 2010 með umboð búsághaldabyltingarinnar að leiðarljósi en hefur sótt sig í veðrið og hefur nú á nýbyrjuð ári boðað til fundar með íbúum borgarinnar og leitar eftir tillögum frá íbúum um þau verkefni sem þeir vilja setja í forgang. Í dag gefst Vesturbæingum tækifæri til þess að tjá sig um þeirra hjartans mál við Jón Gnarr borgarstjóra og embættismenn borgarinnar og er fundurinn á sal Hagaskóla. Góð þátttaka á þeim fundi kann að marka verulega verkefni hins nýja árs í Vesturbænum til hagsbóta fyrir íbúa hverfisins. Í áramótaræðu forseta Íslands var margt sagt sem voru orð í tíma töluð. Forseti sagði að vissulega hefur margt tekist vel á liðnum árum og okkur miðar í átt til endurreisnar, jafnvel betur en öðrum þjóðum. Samt mætti samstaðan vera meiri, átökum oftast stíllt í hóf því sundrun er sjaldan til farsældar, veikir jafnt þjóðir sem fjölskyldur. Í kjölfar bankahrunsins var þörfin á nýjum samfélagssáttmála sett á dagskrá og áréttað að hann skyldi binda í stjórnskipun. Ýtt var úr vör við upphaf núverandi kjörtímabils með tvö meg-inmarkmið að leiðarljósi: Ný stjórnarskrá skyldi byggð á sáttmála þjóðarinnar. Og hún ætti að vera einföld og skýr. Góðar hugmyndir birtust svo í tillögum stjórnlagaráðs og njóta margar víðtæks stuðnings. Ný ákvæði um rétt þjóðarinnar til að krefjast atkvæðagreiðslu um hin stærstu mál, ótvíræð þjóðareign á auðlindum, aukið sjálfstæði dómstóla og víðtækari mannréttindi – allt er þetta og margt annað til bóta. Því er miður að nú um áramótin blasir við að umræðan um nýja stjórnarskrá er á ýmsan hátt komin í öngstræti. Í stað samstöðu um sáttmálann geisa djúpstæðar deilur og virtir fræðimenn við háskóla landsins hafa áréttað að margt sé óskýrt og flókið í tillögunum. Forseti áréttaði að við búum að ríkulegum auðlindum, njótum góðra tengsla við allar þjóðir, eigum menntað fólk á flestum sviðum; höfum sýnt hvernig nýsköpun og framtakssemi, tækni og menning eru hreyfiafl framfaranna. Við njótum arfleifðar kynslóða sem færðu okkur í fremstu röð, gerðu menntun, heilbrigði og velferð allra að aðalsmerki, treystu sjálfstæði og sess Íslands í samfélagi þjóða heims. Okkur eru allir vegir færir, tækifærin við sérhvert fót mál og með samstöðu öðlumst við aukið afl til uppbyggingar. Það er verkefni hins nýja árs, skylda okkar við æsku landsins.

Þessi orð forseta ætti þjóðin öll að hugleiða í upphafi kosningaárs.

Geir A. Guðsteinsson

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI 511 1188 - 895 8298

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Hámarkshraði á Hofsvallagötu

Fulltrúi VG í umhverfis- og samgönguráði, Þorleifur Gunnlaugsson, lagði til á fundi nefndarinnar að hámarkshraði á Hofsvallagötu frá Hringbraut að Ægisíðu verði 30 km. Umhverfis-og samgönguráð samþykkti að vísa tillögu fulltrúa Vinstri grænna um lækkaðan umferðarhraða á Hofsvallagötu til samgönguskrifstofu. Eftirfarandi bókun var lögð fram: „Umhverfis- og samgönguráð telur nauðsynlegt að draga úr hraða og telur að markmið um 30 km/klst hámarks-hraða eigi að vera leiðarljós í endurhönnun götunnar.“ Fulltrúar D-lista lögðu fram eftirfarandi bókun: „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka að þær bráðabirgðalausnir sem nú eru kynntar, eiga ekki að seinka framkvæmdum í götunni sem boðaðar hafa verið og Jón Gnarr borgarstjóri hafði lofað að yrðu að veruleika á árinu 2012. Þessi framkvæmd er millileikur, áður en farið verður út í endurhönnun götunar og framkvæmdir, sem þegar eru orðnar á eftir áætlun. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins treysta því að ekki verðið vikið frá áformum um að gatan verði endurhönnuð árið 2013. Óskað er eftir staðfestingu frá meirihlutanum á því að sá skilningur sé réttur. Þetta var staðfest af fulltrúum Samfylkingarinnar og Besta flokksins.

Breytingar á gjaldskráum um áramótin

Um áramótin breyttust gjaldskrár hjá leikskólum, frístundaheimilum og í skólamötuneytum. Gjöld munu hækka í samræmi við samþykkt borgarstjórnar um gjaldskrárbreytingar og frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013. Leikskólagjald fyrir átta stunda vistun verður frá og með 1. janúar 25.880 kr. á mánuði, en var áður 24.501 kr. Foreldrar sem eiga tvö börn í leikskóla og/eða annað hjá dagforeldri fá áfram 75% afslátt af námsgjaldi annars barns og þriðja barn nýtur 100% afsláttar af námsgjaldi. Frístundagjald verður frá og með 1. janúar 11.940 kr. á mánuði fyrir 5 daga vistun, en var áður 11.300 kr. Foreldrar sem eiga tvö börn á frístundaheimili fá áfram 75% afslátt af frístundagjaldi annars barns og þriðja barn nýtur 100% afsláttar. Gjald fyrir mánðarlega mataráskrift í skólamötuneyti verður frá og með 1. janúar 6.600 kr. á mánuði, en var áður 6.200 kr. Foreldrar greiða skólamáltíð fyrir tvö börn en önnur njóta 100% afsláttar. Eftir þessar hækkanir verða leikskólagjöld, frístundagjöld og mötuneytisáskrift í Reykjavík sem fyrr með þeim lægstu í landinu.

Hundagerði að ósk íbúa við Umferðarmiðstöðina

Nýlega var lokið við frágang á þremur nýjum hundagerðum í Reykjavík sem sett voru upp til að mæta óskum íbúa. Gerðin eru öll um 600 fermetrar að stærð með 1,2 metra hárrí girðingu umhverfis og við þau hefur verið komið fyrir bekkjum og ruslastömpum. Hundagerðin voru á verkefnaskrá Betri hverfa í fyrra en þá sendu íbúar inn hugmyndir sem síðan var kosið um í opinni rafrænni kosningu. Á skiltum sem fest eru á gerðin er hvatt er til góðar

umgengni og vakin athygli á að hundurinn er ávallt á ábyrgð eiganda og minnt á taumskyldu utan hundagerðis. Hundaeign hefur aukist í Reykjavík og því eðlilegt að íbúar kalli eftir aukinni þjónustu. Í ár verður aftur kallað eftir hugmyndum íbúa vegna verkefna og kosið milli þeirra ef þarf. Eitt gerðið sem nýttist Vesturbæingum er við Vatnsmýrarveg rétt hjá Umferðarmiðstöðinni.

Vesturbæingar leiða lista Samfylkingarinnar í Reykjavík

Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík samþykkti með löfaklappi framboðsliðsta flokksins í Reykjavíkurborgardæmum í komandi alþingiskosningum. Listann í Reykjavíkurborgardæmi norður leiðir Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra og Valgerður Bjarnadóttir þingmaður í 2. sæti, en í Reykjavíkurborgardæmi suður leiðir listann Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingmaður og þingmaðurinn Helgi Hjörvar verður í 2. sæti.

Sótt um breytingar á Bókhöðustíg 2

Á afgreiðslufundi byggingafulltrúa fyrir skömmu er sótt um leyfi til að stækka kjallara til austurs og innrétta í honum eldhús og veitingasal fyrir 40 gesti og veitingaflokk II en á hæðinni og undir risi er íbúð í húsinu sem byggt var 1882 á lóðinni nr. 2 við Bókhöðustíg. Meðfylgjandi var umsögn Minjafans Reykjavíkur og Húsafríðunarnefndar. Vísað var til athugasemda á umsóknareyðublaði og bent á að grenndarkynningu er ólokið.

Ný verönd að Framnesvegur 68

Steinunn Þórarinsdóttir, Framnesvegi 68 hefur sótt um til byggingafulltrúa borgarinnar samþykki á reyndarteikningum sem felast í nýjum veröndum, stækkun kjallara að hluta undir upprunalegu húsi og undir allri viðbyggingunni frá 1982 ásamt tilfærslu á nokkrum innveggjum í einbýlishúsi á lóð nr. 68 við Framnesveg. Vísað var til athugasemda á umsóknarblaði og málinu síðan vísað til umsagnar skipulagsstjóra.

Kvistur á Sörlaskjól 78

Snorri Pétur Eggertsson Sörlaskjólí 78 hefur sótt um leyfi til að byggja kvist á norðurhlíð, svaðir á suðurhlíð 1. hæðar, verönd og hurð út í garð úr kjallara og til að byggja hjólaskýli við norðurhlíð bílskjúrs við parhús á lóð nr. 78 við Sörlaskjól. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsstjóra frá 12. október 2012 fylgdi erindinu ásamt umsögn skipulagsstjóra dags. 10. október 2012. Afgreiðslu var frestað.

Eftirlit með ljósabúnaði ökutækja og notkun bílbelta

Þennan mánuðinn fylgist lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega með ljósabúnaði öku-

tækja í umdæminu. Allnokkrir hafa verið stöðvaðir vegna þessa en ýmist vantaði ljós að framan eða aftan en ökuönnunum var góðfúslega bent á að skipta um perur, öryggi eða annað það sem bilað var. Ökumenn eru hvattir til að ganga úr skugga um að ljósin séu í lagi enda er hér um mjög mikilvægt öryggisatriði að ræða. Þau þurfa einfaldlega alltaf að vera í lagi og ekki síst í skammdeginu. Í janúar fylgist lögreglan líka sérstaklega með notkun bílbelta. Þótt mikilvægi bílbelta sé flestum ljóst eru enn margir sem hirða ekki um að nota þennan sjálfsagða öryggisbúnað.

Skólanefndir Kvennó og MR

Á fundi borgarráðs var lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem óskað er eftir tilnefningum í skólanefndir framhaldsskóla í Reykjavík. Tilnefnd eru í skólanefnd Kvenna-skólans í í Reykjavík þau Eva Einarssdóttir og Hermann Valsson og í skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík Ingibjörg Stefánsdóttir og Borgar Þór Einarsson.

Menningar – og ferðamálaráð styrkir Soðið svið!

Lagðar voru fram umsóknir til menningar- og ferðamálaráðs um skyndistyrki sem bárust fyrir 1. desember sl. ásamt yfirliti. Jafnframt lagt fram erindi Mozart hópsins dags. 27. nóvember 2012. Samþykkt var að styrkja eftirfarandi verkefni: Arnar Eggert Thoroddsen v. greinasafns kr. 150.000.-, Bedroom Community co. Hildur Maral Hamíðsdóttir v. Architecture of Loss kr. 100.000., Borgar Magnason v. þátttöku Reykjavík Sinfonia í The Wasp Factory kr. 250.000.-, Icelandic Cinema Online co. Sunna Jóna kr. 200.000.-, Jóna Hlíf Halldórsdóttir v. myndlistarsýningar í Kling og Bang kr. 200.000.-, Soðið svið co. Salka Guðmundsdóttir kr. 150.000.-, Þógrímur Gestsson v. dagskrá um Ásmund Sveinsson myndhöggvara kr. 250.000.-, No Borders co. Haukur Hilmarsen v. The Spirit of Hip Hop kr. 400.000. Auk þess Mozart hópur co. Laufey Sigurðardóttir v. tónleika á afmælisdegi Mozarts 2013 kr. 300.000.- Sjálfsgert eru þetta allt þarfar styrkveitingar en óneitanlega vekja þær upp spurningar um þörfina, eða menningarlegt gildi þeirra.

Vesturbæingar



- Nú sameinast Vesturbæingar um að hreinsa og henda öllu flugelda- og skotterturšli næst sínu heimili –

Hverfisráð Vesturbæjar vill strætóferðir frá Skerjafirði í KR og blakvöll við sundlaugina

Hverfisráð Vesturbæjar fundaði í síðustu viku að Aflagrandu 40, Vesturreitum. Hverfisráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og tekur ákvarðanir sem sendir frá sér ályktanir sem snerta hverfið og velferð þeirra sem í Vesturbænum búa. Rætt var um Ægisíðubrenna á þrettándanum og er Hverfisráð mjög ánægt með þrettándabrennuna og skipulagið í kringum hana. Allir þeir sem komu að skipulagningu og undirbúning fá mikil hrós fyrir.

Rædd var tillaga frá Hverfisráði Vesturbæjar um að skora á Strætó bs. um að skoða leið frá Skerjafirði að æfingasvæði KR. Hverfisráð Vesturbæjar vill að skoðuð verðu sú leið að tengja saman og bæta strætósamgöngur frá Skerjafirði að æfingasvæði KR. Hverfisráð bókaði eftirfarandi sem sent verður á Strætó bs.: „Hverfisráð Vesturbæjar óskar eftir því að Strætó bs reikni út hvað ný strætóleið, sem myndi tengja saman Skerjafjörð og æfingasvæði KR á milli kl. 14.00-18.00 myndi kosta og hvernig slík leið gæti legið.“ Rætt var um blakvöll við Sundlaug Vesturbæjar en íbúi í Vesturbæ vill að



Horft til vesturs eftir Hofsvallagötunni.

skoðað verði að endurbæta blakvöll við Sundlaug Vesturbæjar. Hverfisráð bendir viðkomandi á að senda hugmyndina inn á Betri Reykjavík þar sem íbúar geta kosið um blakvöllinn.

Lögð var fram til umræðu tillaga frá félagsmiðstöðinni Frostaskjóli sem fjallar um útieldunar- aðstöðu á Ægisíðunni. Hverfisráð bendir Frostaskjóli á að senda tillöguna inn á Betri Reykjavík og vill ráðið benda á grillaðstöðu í

Nauthólsvíkinni og Hljómskálagarðinum. Vill hverfisráð benda á fleiri opin svæði í Vesturbæ og að metið sé hvar slík aðstaða hentaði best fyrir íbúa hverfisins.

Hverfisráð minnti í lok fundarins á fund með borgarstjóra sem verður í kvöld, fimmtudag 17. janúar kl. 17.00 í Hagaskóla. Þar geta íbúar komið með tillögur að bættri aðstöðu í Vesturbæ líkt og fólk hefur komið með ábendingar inn ávefnum „Betri Reykjavík.“

SALON REYKJAVÍK

KYNNIR HÁRLIT ÁN AMMONÍAKS, PARABENS, FORMALDEHYDE, RECORCINOL EÐA PLASTS

organic
color systems

- ÞEKUR GRÁTT HÁR 100%
- FALLEGUR LITUR
- SKEMMIR EKKI HÁRIÐ
- FRÁBÆR GLANS
- ENDINGAGÓÐUR
- LÍFRÆNT VOTTUÐ INNIHALDSEFNI* (SOIL ASSOCIATION)
- STENST KRÖFUR UM VEGAN (PETA VOTTAD)
- EKKI PRÓFAD Á DÝRUM (PETA VOTTAD)

*(SUM EFNI)

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305

ÍBÚAFUNDIR MEÐ BORGARSTJÓRA Í ÖLLUM HVERFUM

Jón Gnarr borgarstjóri mun funda með íbúum í öllum hverfum borgarinnar í tengslum við verkefnið Betri Hverfi. Farið verður yfir verkefni síðasta árs og óskað eftir hugmyndum að nýjum verkefnum til að bæta íbúahverfin í Reykjavík auk þess sem óskað verður eftir samráði við íbúa um eftirfylgni verkefna.

Laugardalur	Mánudagur	14. janúar	kl. 17.00	Laugalækjarskóli
Árbær	Miðvikudagur	16. janúar	kl. 17.00	Árbæjarskóli
Vesturbær	Fimmtudagur	17. Janúar	kl. 17.00	Hagaskóli.
Háaleiti - Bústaðir	Mánudagur	21. janúar	kl. 17.00	Réttarholtsskóli
Breiðholt	Þriðjudagur	22. janúar	kl. 17.00	Gerðuberg
Miðborg	Miðvikudagur	23. janúar	kl. 17.00	Ráðhúsi Reykjavíkur
Grafarholt – Úlfarsárdalur	Fimmtudagur	24. janúar	kl. 17.00	Sæmundarskóli
Kjalarnes	Fimmtudagur	24. janúar	kl. 20.00	Klébergsskóli
Hlíðar	Mánudagur	28. janúar	kl. 17.00	Kjarvalsstaðir
Grafarvogur	Þriðjudagur	29. janúar	kl. 17.00	Gufunesbær



GERUM REYKJAVÍK ENN BETRI!

Byggð með lifandi mannlífi í framtíðinni

Daði Guðbjörnsson myndlistamaður var að mála stofuna hjá sér heima á Brunnstignum í gamla Vesturbænum þegar tíðindamaður sló á símann til hans skömmu fyrir jól. „Ég var að ljúka við að mála hurðina því listmálarar mála líka húsveggj og hurðir,“ sagði Daði sporskur á hinum enda línunnar en samþykkti síðan að fá sér morgungöngu upp á Laugaveg og hitta tíðindamann á Glætunni. Kominn þangað tveimur dögum síðar fór hann að velta fyrir sér listmálurum fyrr og nú og leit nokkuð íbygginn yfir expressokaffið sem hann hafið valið sér að drekka. „Hér áður fyrr lagði fólk oft leið sína á vinnustofur myndlistarmanna. Skoða hvað þeir voru að gera og rabba um daginn og veginn, lífið og tilveruna. Nú er þetta breytt. Nú fer sala á myndverkum einkum fram hjá listmunasölum og í galleríum. Ég sakna þessa tíma og listamenn eiga ekki að vera ragir við að bjóða fólki á vinnustofur sínar. Ég er með vinnustofu í tengslum við heimili mitt á Brunnstignum og hefði mikla ánægju af því að fá fólk þangað. Ég er ekkert að afsaka draslið. Það fylgir þessu starfi – er hluti af því.“

Talið berst að því hvort málara-listin hafi verið honum í blóð borin frá upphafi. Hann neitar ekki að svo kunni að vera. „Ég byrjaði að mála sem unglingur. Hef verið á bilinu 12 til 13 ára þegar ég gerði fyrstu myndirnar. Ég átti við lesblindu að stríða og ég held að þetta tengist henni að einhverju leyti. Þeir sem eru lesblindir skynja umhverfið oft með myndrænni hætti en aðrir og það skýrir af hverju margir myndlistamenn hafa átt við lesblinduna að stríða. Ég veit ekki hvort þessi tengsl hafa verið rannsökuð til hlýtar en vitundin tengist oft hinu myndræna með sterkara móti þegar lesblindan getur hamlað að nýta sér skrifaðan texta til fulls.“ Daði segist alltaf haft áhuga á öllum listum og þrátt fyrir lesblinduna hafi hann náð góðum tökum á texta og skrifað talsvert um tíma. „Ef við blöndum tölvutækninni inn í þetta þá varð ég strax Makka maður þegar tölvurnar komu. Makinn hafði mun myndrænni aðkomu en hin- ar kerfislægu PC vélar og það er engin tilviljum að felstir sem fást við hönnun og myndvinnslu nota Machintos tölvur. Það býr meiri þrívíddarhugsun að baki þeirra.“

Vildi ekki að ég yrði listamaður

Daði var farinn að mála á fullri ferð fyrir og um tvítugt. Hann sótti einnig nám. Var við nám við Myndlistarskólann í Reykjavík á árunum 1969 til 1976, við myndlistadeild



Daði Guðbjörnsson myndlistamaður á Brunnstignum.

Myndlista- og handíðaskóla Íslands frá 1972 til 1976 og við Rijksakademie van Beeldende Kunsten í Amsterdam í Hollandi 1983 til 1984. „Ég var svo óheppinn eða líklega fremur svo heppinn að faðir minn vildi ekki að ég yrði listamaður. Hann seldi Vísi þegar hann var strákur og Kjarval borgaði strákunum krónu fyrir blaðið á meðan aðrir borguðu 20 aura. Honum fannst engin hyggindi felast í því þótt gott væri að fá umfarmaurana og hann ákvað fyrir sig að listamenn væru ekki góðir fjármálamenn. Annað sem olli því að hann vildi ekki að við bræðurnir færum á listabratina kom til af því að hann starfaði sem togaraskipstjóri og var því oft lítið heima. Hann saknaði fjölskyldunnar og fjölskyldulífsins og vildi að við störfuðum við eitthvað sem gæfi okkur kost á að vera heima. Því fór ég að læra húsgagnasmiði hjá Helga Einarssyni frænda mínum sem síðar var með gallerí neðarlega við Skólavörðustíginn. Ég varð því húsgagnasmiður að boði föður míns og ég sé eftir á að það var ágætt fyrir mig að læra þetta.“

Þurfti að læra ögun

Ég var bæði svolítið ofvirkur og líka klaufi og við húsgagnasmiðina

æfðist ég í handverkinu sem hefur komið sér vel fyrir mig í myndlistinni. Þetta kom sér einnig vel á námsárunum því ég gat gripið í smíðina á sumrin og unnið dálítið fyrir mér með myndlistarnáminu. Þurfti ekki að eyða eins miklum tíma í brauðstrit og annars hefði orðið. Nei – ég smíða ekki lengur. Ekki einu sinni heima en hef þó gaman af að pússa húsgögnin,“ segir Daði sem kveðst hafa farið beina leið í Myndlista- og handíðaskólann eftir að hafa sloppið úr smíðanáminu.

„Ég var þar sem ýmsum sem hafa orðið þekktir á listasviðinu. Guðmundi Oddi Magnússyni eða Goddi sem nú er prófessor við Listaháskólann og Eggert Péturssyni sem kunnastur er fyrir blómamyndir sínar. Eftir námið hér heima fór ég til Amsterdam og var eitt ár við nám í grafík. Það reyndist mér mjög vel.“ Daði segir að sig hafi aldrei skort hugmyndir. „Sköpunargáfan hefur alltaf verið á fullri ferð en mig skorti ákveðna ögun í vinnubrögðum sem ég lærði á akademíunni. Myndlistarmönnum er ekkert síður nauðsynlegt að læra að aga sig en öðrum. Ögunin getur ekkert gert annað en bætt vinnubrögðin. Hún bjargaði því að ég gat farið að vinna við listina.“

Að færa á hærra plan

Daði fór að vinna á fullu við myndlistina eftir að hann kom heim og einnig að halda sýningar. Fyrstu sýninguna hélt hann ásamt Tolla,Tuma Magnússyni, Péttri Magnússyni, Rögnu Hermannsdóttur og fleirum í Norræna húsinu 1983. Þá þegar var hann byrjaður að nota þann stíl sem hefur einkennt verk hans í gegnum tíðina. Í V. heftinu af Listasögu Íslands er fjallað um Daða og þar kemur fram að talað var um hann sem tíma-mótamann. Hann kveðst hafa byrjað að mála expressjónískar myndir um 1980 eða fyrir rúmum þremur áratugum. „Gunnar Kvaran hefur orðið það þannig að ég hafi komið með látum inn í listasöguna. En ég hef verið að þróa þetta myndmál og það hefur orðið blíðara með árunum. Ég segi stundum að ég sé að gera eins og Laxness – að reyna að færa það sem ég er að gera upp

á hærra plan en skáldið varð frægt fyrir að hafa viljað lyfta umræðuþætti sem hann tók þátt í á hærra plan þegar honum fannst umræðan farin að listast um of af pólitísku dægurþrasi.“

Ódysseifur og Kalipso

Í umsögnum um sýningar Daða má líta ýmis ummæli. Í umsögn um sýningu hans á Kjarvalsstöðum segir meðal annars að litrík og ærslafull málverk hans hafi notið mikillar lýðhylli og séu velþekkt meðal almennings. Hann segir að skrautið og flúrið í verkum sínum megi rekja til einhverskonar barokkstíls. Í tífelni af opnun þessarar sýningar gaf Opna út bók, ríkulega skreytta myndum og með texta eftir Rögnu Sigurðardóttur rithöfund og listgagnrýnanda. Þar segir að sýningin sé innblásin af hinum mikla kvæðabálki Hómers um hrakfarir og hetjudáðir Ódysseifs, sem talið er að gerst hafi um 1200 f.Kr. Ódysseifur stefnir heim á leið eftir fall Trójuborgar. Sjávarguðinn Póseidon er honum reiður og aftrar för hans og Ódysseifi er haldið í gíslingu hjá gyðjunni Kalipso um árabíl. Daði segir að upplýsingaflæðið sé orðið svo hratt. Mun hraðar en þegar hann byrjaði að mála. „Ég held að sérstaða mín hafi opnað mér ákveðna leið í myndlistinni. Þetta er auðvitað nokkurt karlagrobb en er þó staðfest í listasögunni.“ Konan hefur oft verið áberandi í myndum Daða sérstaklega framan af. Hann segir konutáknið oft hafa flækst fyrir menningarmafiunni eins og hann orðar það. Fólk áttaði sig ekki á þessu gyðjutákni. Sumir vildu tengja það við pólitík.“

Stundar Sahaja yoga

„Ég var ekki nógu sósíalískur,“ heldur Daði áfram. En ég er að verða krati aftur. Framsóknaráratugurinn svokallaði gerði mig að sjálfstæðismanni. Þá sátu þessar framsóknar- vinstristjórnir sem mér fannst ekki á réttir leið. Lífskoðanir manna koma gjarnan fram í myndlistinni. En trúarlegi tónninn er einnig áberandi. Trúarleg myndlist er lituð af kapólsku monarki en það sem ég er að gera á frem-

ur skylt við búddisma og indíána-kultúr. Þessi kultúr sem kemur oft frá frumstæðri þjóðum er ekki eins bældur undir tiltekna menningu eða hugmyndakerfi sem tengjast valdastofnunum. Hinn kvenlegi kraftur í myndlistinni tengist búddismanum en kristin bókstafstrú hefur hafnað honum. Fyrstu málarnir sóttu fyrirmyndir til kristinnar. Jesú var ein aðal fyrirmynd myndlistarmanna en Páll postuli breytti þessari ásýnd kristinnar. Byggði valdastofnun úr henni.“

Daði tengist íhugun og hefur stundað Sahaja yoga um árabíl en það merkir það sem gerist sjálfkrafa eða er meðfætt. „Sahaja yoga felur í sér sjálfssprotna andlega vakningu sem gerir einstaklingnum kleyft að tengjast sjálfri alheimsorkunni. Það er góð leið til þess að flétta saman hugarfarslega tilfinningu og andlega líðan. Þetta er ekki fræðileg skilgreining heldur raunveruleg lífsreynsla, áþreifanleg og síbreytileg. Mér fannst ég þurfa á einhverri endurnýjun að halda og þá hófst leit sem endaði í Sahaja yoga. Þetta hefur valdið ýmsum breytingum hjá mér og meðal annars þeirri að ég hef nánast ekki smakkað vín í nokkur ár. Ég gerði ekkert markvisst í þá veru. Löngunin bara hvarf smám saman. Nei - ég er ekki farin að kyrja,“ segir Daði aðspurður „en við förum með möndrur á Sanskrít sem er tungumál með góðum hrynjanda og því ákaflega heppilegt til bænamáls því möndrunar eru í raun ekkert annað en bænir.“

Byggð með lifandi mannlífi í framtíðinni

„Vesturbærinn já,“ segir Daði eftir að hafa náð sér í glas af vatni. „Ég hef aldrei annarsstaðar verið. Var reyndar í nokkur ár í Skerjafirði norðan flugvallarvegarins og sá hluti telst alla vega til Vesturbæjarins. Nú er ég búin að vera í 12 ár á Brunnstignum. Nýlendugatan og Brunnstígurinn eru með elstu borgarhlutum í Reykjavík. Ef við færum 100 ár aftur í tímann væri þetta eins og að vera í Austurstrætinu miðju. Frá mér er örskammt í gamla hafnararsvæðið sem er í uppbyggingu og er að verða mjög skemmtilegt. Ég sakna Danielsslipps. Það hefði fremur átt að láta hann standa en stóra slippinn. Þegar er verið að úða stóru skipin fýkur málningarúðinn þannig að betra er að færa bílinn upp á Vesturgötu. Danielsslippurinn með trébáta hefði passað mun betur inn í það umhverfi íbúa og ferðþjónustu sem er að myndast við gömlu höfnina. Það er líka gaman að fylgjast með því hvernig gamalt og nýtt er að taka höndum saman á þessu svæði. Hvernig nýtt skipulag blandast við gömlu sérkennilegu löðirnar sem tóku mið af saltfisksþurrkuninni.

Þegar menn voru með saltfiskinn sem heimsbúskap og þurrkuðu hann við húsdyrnar hjá sér. Þær liggja við hlið nýja tímans. Og það sem er að gerast í verbúðunum í Örfisey er ævintýri líkast. Þegar Loftur Ólafsson tannlæknir bjó þarna kallaði hann það gjarnan slippsslömmið en því miður féll hann frá áður þessar góðu breytingar sem enn er ekk lokið hófust. Mér list verst á rétttrúnaðarkirkjunna sem á að rísa á þessu svæði. Fullur umburðarlyndis sé ég ekki hvernig hún á að falla inn í þetta umhverfi. Ferlíki byggt eftir fyrirmyndum úr rússneskri byggingalistarsögu. Hún passar ekki þarna fremur en gamla Morgunblaðshöllin í Aðalstrætið.“ Daði segir að af Nýlendugötuna og nágrenni megi rekja sögu Reykjavíkur að hluta. „Og nú er sagan að endurtaka sig. Með þeim breytingum sem hafa átt sér hefur þetta umhverfi gengið í endurnýjun lífdaga. Ég sé fyrir mér byggð með lifandi mannlífi í framtíðinni.“

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

Brennustemmning á Ægisíðunni á Þrettándanum

Mikil stemming var við Þrettándabrennuna við Ægisíðu á síðasta degi jóla, en þá fór fram árleg brenna á vegum foreldrafélaganna í Vesturbæ í samstarfi við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar og KR. Líkt og undanfarin ár var byrjað við KR- heimilið og voru þar

sungin nokkur lög undir stjórn Guðmundar Steingrímssonar sem spilaði undir á harmonikku. Gísli Marteinn Baldursson formaður Hverfisráðs Vesturbæjar sagði nokkur orð við nærstadda en svo var lagt af stað í skróðgöngu að Ægisíðunni í fylgd lögreglu og nemenda úr Hagaskóla sem leid-

du gönguna með kyndlum. Þegar að Ægisíðunni var komið var kveikt í brennunni sem sjaldan eða aldrei hefur verið eins stór á þrettándanum. Fjöldi fólks mætti á brennuna, hafa sjaldan verið fleiri, en vel á annað þúsund manns var þarna saman kominn. Framkvæmdin var til fyrirmyndar hjá

foreldrafélögunum og Þjónustumiðstöð Vesturbæjar undir stjórn Harðar Heiðars Guðbjörnssonar. Auk þess að horfa á brennuna eða syngja við harmonikkuleik gat fólk gætt sér á heitu kaffi og kakói sem Frostaskjól var með til

sölu í skúr á svæðinu. Foreldrafélögin og Þjónustumiðstöðin vilja færa öllum þeim aðilum og fyrirtækjum sem á einhvern hátt studdu þenna viðburð bestu þakkir.



Fjöldi manns mætti á brennuna. Og svo var ungvíðið auðvitað með gleraugu til varnar augunum.



Betra start fyrir þig og þína

TUDOR er hannaður til þess að þola það álag sem kaldar nætur skapa. Forðastu óvæntar uppkomur.

TUDOR betra start!

TUDOR

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshóla 12 110 RVIK 5771515 skorri.is

opið virka daga frá 8:15 - 17:30

JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur á Aflagrandu 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er gott gegn vefjagigt og eykur almenna andlega og líkamlega vellíðan.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476

Réttindi frá British School of Yoga og Yoga studio.

Tapas Deluxe

SPENNANDI NÝJUNG

FJÓRIR NÝIR DELUXE RÉTTIR Á MATSEÐLI – ÞÚ VERÐUR AÐ SMAKKA

Wagyu/Kobe nautakjöt
Wagyu/Kobe nautafillet með grilluðum portobello-sveppum og sultuðum rauðlauk

Villisvín
Villisvínafillet með hvítlauks-kartöflumús, butternut squash, Piquillopapriku og chorizosósu

Ferskur sverðfiskur
Nýveiddur grillaður sverðfiskur með romescosósu, capers, Kalamataólífum og pönnusteiktu smælki

Risahörpuskel
Pönnusteikt risahörpuskel með „brenndu“ blóm-kálsmauki, þurrkuðum serranoteningum og súkkulaði-balsamiksósu

Til í takmörkuðu magni.

RESTAURANT- BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is



Júpíter PH nánast á Mýrargötunni!

Þegar horft er á nóta- og togveiðiskipið Júpíter PH frá Þórshöfn í slipp frá þessu sjónarhorni mætti halda að það væri uppi á Mýrargötunni. Svo er auðvitað ekki, en fram- an við skipið er Icelandair-hó- telið Marína, en einmitt nálægð skipa í slippnum hefur gert hótelið mjög vinsælt meða erlendra ferðamanna, og und- irstrikar á hérlandis býr mikil fiskimannapjód.

Júpíter er smiðaður 1978, og er með síldar-, kolmunna- og makríl- kvóta. Þetta svæði hefur verið að taka miklum og jákvæðum breyt- ingum undanfarin ár, en breyting- arnar undirstrika ekki síst sam- spil hafnarinnar við miðborgina sem er í þægilegu göngufæri. Hú- in sem sjást á myndinni, og flest tilheyra Nýlendugötunni, hafa sum hver komist í endurnýjun líf- daga, en betur má ef duga skal.

Þorablót á Vesturgötu 7 við upphaf Kyndilmessu



Karلاكórinn Kátir karlar skemmtir á þorablótinu að Vesturgötu 7.

Þorablót verður haldið í félagsmiðstöð eldri borgara að Vesturgötu 7 föstudaginn 1. febrúar nk. og hefst kl. 13.00. Veislustjóri verður Gylfi Ægisson sem mun örugglega taka lagið sjálfur. Jóhannes Kristjánsson eftirherma

skemmtir, Karلاكórinn Kátir karlar syngur undir stjórn Gylfa Gunnarssonar og hljómsveit Marínós Björnssonar leikur fyrir dansi. Það verður því feikna stuð á Vesturgötunni þennan föstudagseftirmiðdag.

Margrét Stella Kaldalóns vakti verðskuldaða athygli sem jólagestur Björgvins

Stefnir að því að komast í listaháskóla í Ameríku

„Ég hef alltaf haft svakalega gaman af því að syngja, og var stundum kölluð söngfuglinn þegar ég var í leikskóla. Svo fór ég að læra söng þegar ég var níu ára í söng og leiklistarskólanum Sönglist í Borgarleikhúsinu,” segir Margrét Stella Kaldalóns, 12 ára Vesturbæingur í 8. bekk Hagaskóla, sem var valin jóla- gestur Björgvins 2012 og vakti verðskuldaða athygli á jólatón- leikunum í Laugardalshöll fyrir frábæra sönghæfileika og fág- aða, hispurslausa og skemmti- lega framkomu. Þess má geta að Magga Stella er barnabarn tón- skáldsins Sigvalda Kaldalóns.

„Söngurinn er mitt helsta áhugamál og ég gríp öll tækifæri sem gefast til að syngja en ég hef aldrei sungið með kór. Mér finnst svo gaman að gera það sem ég er að gera í dag svo það er enginn tími fyrir kóra. Ég get ekki valið eitthvað sem mér finnst skemmti- legast að syngja, það er eiginlega skemmtilegt að syngja allt, þó aðallega popp en minna klassík, jazz eða eitthvað annað.

- Þú barst sigur úr býtum í keppn- inni „Jólastjarna Björgvins 2012” og komst fram á tónleikunum í Laugardalshöll. Kom það þér á óvart að vinna keppnina?

„Mamma og pabbi hövötu mig til að taka þátt í keppninni og mér fannst það mjög skemmtilegt. Það kom mér á óvart að vinna því það var þarna fullt af krökkum sem voru að syngja mjög vel. Ég var eiginlega rosalega hissa! Svo er skemmtilegt að syngja jólalög, maður kemst í svo gott jólas- kap. Þetta var mikil vinna og æfingar fyrir tónleikana svo ég þurfti að fá svolítið frí í skólanum. Það fékkst, það samglöddust mér allir inni- lega í Hagaskóla, og auðvitað er ég mjög þakklát fyrir það.”

Aldrei verið eins stressuð

- Það var troðfullt af fólki í Laug- ardalshöll, mörg þúsund manns, var það ekki svakalega stressandi? „Ég hef aldrei á ævinni verið svona stressuð, ég skalf þarna baksviðs áður en tónleikarnir hófust. Þegar ég fór inn á sviðið fór það að mestu af mér og fyrir seinni tónleikana leið mér mun betur. Ég var bara hugsa um það sem ég ætlaði að gera, syngja mitt prógram, ekkert annað komst að í mínum huga þó ég vissi auð- vitað af öllu þessu fólki úti í sal sem mundi hlusta og fylgjast með mér. En þetta var svakalega



Heima í stofunni á Grenimelum.



Margrét Stella Kaldalóns á sviðinu í Laugardalshöll.

skemmtilegt, ég væri til að gera eitthvað svona aftur.”

- Ertu að hugsa um mennta þig frekar í söng?

„Ég fer örugglega eitthvað ann- að þegar þessu lýkur í Sönglist og svo er ég þegar ákveðin í að komast í háskóla í Ameríku þegar ég hef lokið stúdentsprófi, en ég stefni á að komast í Verslun-

arskólann. Ég ætla ekki bara að læra söng í Ameríku þó ég fari kannski í listaháskóla.”

Magga Stella segist ekki hafa mikinn áhuga í dag á að syngja í óperu en kannski verði það eih- vern tímenn í framtíðinni. Hún segist vilja skoða það mjög vel ef henni stæði til boða að syngja með popphljómsveit en ekkert slíkt er í undirbúningi.

- Þú ert barnabarn tónskáldsins Sigvalda Kaldalóns. Hefurðu verið að syngja eitthvað af þeim mörgu lögum sem afi þinn samdi?

„Ég hef ekki verið að gera mikið af því en mér finnst þessi lög hans afa mjög falleg en þetta er öðruvísi tónlist en ég hef áhuga á í dag. Nú er ég að fara að huga að því að taka þátt í söngkeppni Samfés en þar skiptir einnig máli látbragð og framkoma auk söngsins,” segir Margrét Stella Kaldalóns.

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálpstarf kirkjunnar

www.help.is

SKIPTU UM SKOÐUN
Það er ódýrara.

✓

TÉKKLAND

Bifreiðaskoðun

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	9.840
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 1. janúar 2013

Borgartúni | Reykjavíkurvegi | Holtagörðum | Sími 414 9900 | tekkland@tekkland.is | www.tekkland.is

Vesturreitir:

Spila Hornafjarðarmanna á hverjum degi!

Þrjár konur sem búa á Afla-granda 40, fara daglega niður í félagsmiðstöðina Vesturreiti og spila Hornafjarðarmanna. Þetta eru þær Magdalena Thoroddsen sem er Vestfirðingur, af Barðaströndinni, Helga Jónsdóttir sem er Þingeyingur, frá Ingveldarstöðum í Kelduhverfi og Árnesingurinn Guðrún Einarsdóttir sem flutti í bæinn úr Gnúpverjahreppi.

Hornafjarðarmanni hefur verið einkennismerki Húmarhátíðar í gegnum árin og hefur verið mjög vinsæll. Spilið er eitt afbrigði mannaspils og sagt er að séra Eiríkur Helgason í Bjarnanesi sé höfundur af því upprunalega. Spilið er þriggja manna spil og notaður er venjulegur spilastokkur. Spilaröðin er venjuleg, ásinn er hæstur nema í nóló, þá er hann lægstur. Í gjöf er fyrst dregið um hver skuli gefa. Sá sem dregur hæsta spilið er í forhönd og sá sem situr honum á hægri hönd gefur fyrstur. Gefið er sólarinnis



Þær Magdalena Thoroddsen, Helga Jónsdóttir og Guðrún Einarsdóttir niðursokknar og einbeittar við að spila Hornafjarðarmanna, enda mikið alvörumál, eða hvað?

á hefðbundinn hátt, fyrst fjögur spil í mannann og síðan þrjú spil á hvern spilara. Manninn fær þá sextán spil en hvern spilari tólf.

Ekki má stokka mannann og lögð er áhersla á að spilin í rammanum sé í þeirri röð sem gefið er.

VILTU SELJA? FRÍTT VERÐMAT

- Frítt verðmat án skilyrða um sölu
- Þú greiðir ekkert ef eignin selst ekki
- Hafðu samband - við höfum tíma fyrir þig



Guðbjörg Gylfadóttir
löggiltur fasteignasali



Ísak V. Jóhannsson
sölustjóri

HAFIÐ SAMBAND Í GSM 822 5588 EÐA ISAK@TINGHOLT.IS

FASTEIGNASALA Í
35 ÁR



Bæjarlind 4 • 201 Kópavogur • www.thingholt.is • sími 512 3600

REYKJAVÍKURBORG



Gerum leiðina greiðari

Við hvetjum íbúa borgarinnar til að huga að trjágróðri í gördum sínum. Vel spottin tré eru augnayndi en gætum þess að gróðurinn seilist ekki út á gangstéttir og stíga.

Umferðarmerki þurfa að sjást vel og trjágróður má ekki byrgja götulýsingu. Skólabörn, hjóleiðafólk og aðrir vegfarendur þurfa að komast leiðar sinnar og eins er mikilvægt að snjósmoksturstæki geti hindrunarlaust rutt snjó af gönguleiðum.

Tökum höndum saman – og hugsum út fyrir garðinn, snyrtum trén svo að leiðin sé greið allt árið!



Reykjavíkurborg | Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is



40% afsláttur af umgjörðum
17. - 19. janúar
greiðsludreifing í boði

facebook.com/linsan.is

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

Aðalfundur framundan?

**Heildarlausn í
rekstri húsfélaga.**



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

WHAT DO I WANT TO SAY? AM I SAYING IT?

Fjögurra vikna myndlistarnámskeið þar sem við könnum hverju við viljum koma til skila og hvernig það tekst.

Námskeiðið verður haldið á sunnudögum frá 10. febrúar til 3. mars kl. 11.00-15.30 (hádegishlé frá kl. 13.30-14.00).

Staður: Norðurpóllinn-leikhús, Sefgördum 3 við Gróttu, Seltjarnarnesi.

Verð kr. 25.000:-.

Allar upplýsingar og bókanir í síma 8635041.

Takmarkaður fjöldi.

Ath. að kennsla fer fram á ensku.



Jón Jörundur Guðmundsson varð í 4. sæti á Íslandsmóti barna í skák:

„Gaman að fórna drottningu til að geta mátað!“

Íslandsmót barna í skák fór fram í Rimaskóla laugardaginn 12. janúar sl. Það fór vel á því að keppendur væru 64 enda 64 reitir á taflborðinu. Mennta- og menningarmálaráðherra setti mótið um leið og hún lék kóngspeðinu fram um tvo reiti fyrir Nansý Davíðsdóttur.

Í stuttu ávarpi vék Katrín Jakobsdóttir að því að skák mætti vel kenna í öllum skólum eins og aðrar greinar, ætti þar fullt erindi og vísaði um leið til starfshóps á vegum ráðuneytisins sem mun kortleggja skákkennslu í grunnskólum á Íslandi og fara yfir rannsóknir sem sýna fram á ágæti skákiðkunar fyrir nemendur. Íslandsmeistari varð Vignir Vatnar Stefánsson í Kópavogi. Grunnskólann á Hellu. Jón Jörundur Guðmundsson í 4. bekk Grandaskóla sem teflir fyrir KR var í 4. sæti.

Jón Jörundur segist hafa lært mannganginn þegar hann var 5 til 6 ára, en það voru mamma hans, pabbi, frænka og afi sem vöktu áhuga hans sem nú hefur skilað sér í bráðefnilegum skákmanni.

„Það er rosalega gaman að tefla og ég reyni að tefla við sem flesta. Ég les stundum skákbækur, og ég sækí æfingar hjá Taflfélagi Reykja-



Jón Jörundur Guðmundsson við skákbörðið þar sem hann hefur náð eftirtekarverðum árangri.

víkur og hjá KR. Mér finnst bestu skákmennirnir hafa verið Karpov og Fischer, en fyrsta skákbókin sem ég eignaðist var um skákir Karpovs. Það er gaman að tefla, og mjög gaman að fórna drottningu til þess að geta mátað þann sem maður er að tefla við. Ég er

auðvitað í Grandaskóla þar sem mér finnst gaman í öllum greinum, mest í stærðfræði, en svo er ég í fótbolta hjá KR, læri á gítar í tónlistaskólanum DoReMi. Þetta er allt skemmtilegt,” segir þessi fjölhæfi Vesturbæingur.

Nemendur Tjarnarskóla sigruðu í Raunveruleiknum

Nemendur úr Tjarnarskóla voru sigursælir í Raunveruleik Landsbankans fyrir 10. bekk skólaárið 2012-2013. Raunveruleikurinn er gagnvirkur hermileikur og hannaður sem fjármála- og neytendafræðsla fyrir efstu bekk grunnskóla. Smíðjan í Tjarnarskóla náði bestum árangri í bekkjarkeppninni.

Í keppni einstaklinga bar Aníta Sif Eiríksdóttir í Tjarnarskóla sigur úr bítum, Daníel Bergmann Sveinbjörnsson einnig í Tjarnarskóla hreppti annað sætið og Helena Hrönn Haraldsdóttir nemandi í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði varð í þriðja sæti. Alls tóku þátt rúmlega 1.000 nemendur úr 42 skólum um land allt. Raunveruleikurinn hófst þann 15. október sl. og stóð yfir í fjórar vikur. Í Raunveruleiknum fja nemendur að kynnst þeim ákvörðunum sem einstaklingar þurfa að taka í lífinu, ss. að stunda nám, leita sér að vinnu, leitast við að ná endum saman á þeim launum sem bjóðast á almennum vinnumarkaði og bregðast við því sem á daga þeirra drífur. Í Raunveruleiknum eru mældar ýmsar hagstærðir í samfélaginu líkt og um alvöru væri að ræða, t.d. verðbólga, atvinnuleysi og sparnaður.

Meðaltekjur hafa aukist milli ára

Tölfræði úr Raunveruleiknum býður upp á skemmtilegan samamburð við raunveruleikann. Meðallaun í samfélagi Raunveruleiksins voru 389.086 krónur samanborið við 359.752 krónur árið áður og voru strákar örlítið tekjuhærri með tæp 392.000 krónur í tekjur



Sigurvegarar í bekkjarkeppni Raunveruleiksins – Smíðjan úr Tjarnarskóla.

að meðaltali en stelpur með rúm- ar 385.000 krónur. Atvinnuleysi sveiflaðist nokkuð á meðan keppninni stóð en var 5,04% í lok leiks en fór mest í rúm 12%. Þess má geta að atvinnuleysi á Íslandi í október 2012 var 4,5% og aðstæður í lok Raunveruleiksins því ekki svo ólíkar raunverulegum aðstæðum á Íslandi. Í Raunveruleiknum fæddust 1.913 börn á spilunartímabilinu og hefur barnsfæðingum fækkað eftir að boðið var upp á að kaupa getnaðarvarnir árið 2011.

Vinsælasta varan sem keppendur leiksins gátu keypt var lottómiði en keyptir voru 21.211 miðar á spilunartímabilinu. Getnaðarvörn og kettlingur voru einnig eftirsóknarverðar vörur.

Meðaleign á sparireikningi í lok spilunartímans var 359.071 krónur en var 295.473 krónur árið 2011. Raunveruleikurinn hefur hlotið verðlaun Norrænu ráðherranefndarinnar sem besta námsefnið á þessu sviði.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

**BANANA
SMOOTHIE
499 kr.**

kvosin
FERÐKT OG FLJÓTT

Aurora Erika Luciano spilar í Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar:



Aurora Erika Luciano.

„Mjög gaman á lúðrasveitar-
móti skammt frá Barcelona”

Aurora Erika Luciano er nemandi í 7. bekk Grandaskóla og spilar á básúnu í Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar. Hún byrjaði í september 2009. Hún segir að áhuginn hafi kviknað þegar kennarar við hljómsveitina hafi komið í skólann og spilað á ýmis hljóðfæri sem leikið er á í hljómsveitinni. Þá hafi hún ákveðið að fá umsóknarblað, en fram að því hafi hún ekki haft neinn sérstakan áhuga á að fara í tónlistarnám en þarna hafi áhuginn kviknað. Hún segir það vafasamt að hún hafi sótt um nám í venjulegum tónlistarskóla hafi þetta tækifæri gengið henni úr greipum.

„Okkur sem erum í Grandaskóla stóð til boða að sækja um að spila á básúnu, þverflautu eða klarinett og ég valdi básúnu þar sem mun lengri biðlistar voru á þverflautu og klarinett. Mamma og amma og afi höfðu áhyggjur af

því að þetta væri of stórt hljóðfæri fyrir mig, en í byrjun munaði bara um 5 cm á minni hæð og básúnunnar. En mér hefur aldrei þótt hún neitt þung. Ég er mjög ánægð með valið og finnst þetta mjög gaman. Nú er ég komin í elstu sveitina og á síðasta sumri fórum við til Spánar á lúðrasveitamót nálægt Barcelona, það var mjög gaman. Við vorum eina sveitin frá Íslandi en það voru sveitir frá hinum Norðurlöndunum. Svo er haldið hér á landi landsmót á tveggja ára fresti sem er mjög gaman að taka þátt í, en ég hef bæði farið til Vestmannaeyja og Selfoss á svleiðis mót.”

- Hvað finnst þér skemmtilegast að spila?

„Áf því að það eru bara blásturhljóðfæri og slagverk í sveitinni takmarkað það svolítið valið svo ekki eru spiluð nein klassísk verk

þó það væri auðvitað hægt, en við erum að spila ýmis skemmtileg popplög fyrir utan svona göngulög sem reyna á að ganga líka í takt ef við værum t.d. að spila í skrúðgöngu. Þegar við erum komin í 10. bekk hættum við í lúðrasveitinni en ég hef ekkert pælt í því hvort ég vil halda áfram að spila í annari lúðrasveit ef ég fengi inngöngu.”

Bróðir Auroru er byjaður í Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar, er í svokallaðri miðsveit, og eru systkinin stundum að æfa sig saman, en hann er nú með nótur sem systir hans þekkir vel. Það hljómar því stundum mikill lúðrabytur á Seljagrandanum, heimili þeirra systkinanna. Aurora bindur ekki tónlistariðkunina við að spila á básúnu, því hún syngur í Stúlnakór Neskirkju og Skólakór Grandaskóla.

Heilsulindir í Reykjavík

Fyrir líkama og sál



opnar
snemma
í öllum
veðrum

fyrir alla
fjölskylduna

í þínu
hverfi



Leyfar af skottertum og
flugeldum á floti um alla Tjörnina

Sorpirðan í Reykjavík varar fólk við að henda leifum af flugeldum í ruslatunnur. Kaupendur flugelda eiga að fara sjálfir með umbúðir og aðrar leyfar í endurvinnslustöðvar Sorpu. Reiknað var með að á bilinu 800 til 900 tonnum af flugeldum og skottertum hafi verið sprengd upp í kringum áramótin. Skottertur njóti vinsælda meðal almennings og því er líklegt að víða standi tómirturtukassar á nýársdag, en ekki að kassarnir séu enn víða um miðjan janúarmánuð. Meginreglan ætti að vera sú að almenningur hreinsi sjálfir sitt nánasta umhverfi eftir flugeldasýningu og fari með leyfarnar í Sorpu.



Það getur verið annmörkum háð að nálgast þetta rusl á Reykjavíkurtjörn, en betra að gera það áður en allt frýs fast.



Það var fjölbreytt úrval jólavarnings á boðstólum.

Sannkölluð jólagleði á jólamarkaði fjölskyldunnar í Frostaskjóli

Tímanlega fyrir jól, eða 13. desember sl., var haldinn hinn árlegi jólamarkaður fjölskyldunnar í Frístundamiðstöðinni Frostaskjóli. Líkt og fyrri ár rann ágóðinn til styrktar Rauða kross Íslands.

Börnin úr frístundaheimilunum Frostheimum, Selinu, Skýjaborgum og Undralandi, 10-12 ára úr Frosta og unglingarnir úr Frosta, höfðu undirbúið markaðinn af mikilli eljusemi og var afraksturinn glæsilegur. Krakkar úr Frostheimum sáu um söluna og stöðu

sig með mikilli prýði. Mikill fjöldi fólks mætti og verslaði ýmsan jólavarning sem var á boðstólum. Öllum sem þarna komu, bæði krakklarnir og þeir fullorönu sem komu til að versla sem og aðrir, fannst afar notalegt að eiga svona stund saman í desember, skömmu fyrir jólin, gæða sér á heitu súkkulaði og piparkökum, um leið og lagt var góðu málefni lið. Það ríkti sannkölluð jólagleði í Frostaskjóli þennan fimmtudags-eftirmiðdag í skammdeginu.



Frosti – Tony Hawk

Tölvuleikurinn Tony Hawk 3 er mikið spilaður í Frosta. Nýlega gróf starfsmaður Frosta upp tölvuleik sem snýst um að gera listir á hjólabretti til að safna stigum. Leikurinn er frá árinu 2001 og ólst starfsmaður upp við hann.

Unglingarnir sem núna eru í Hagaskóla hafa verið á aldrinum 2-4 ára þegar leikurinn kom út og því um algjöran forngrip að ræða

í þeirra augum. Eftir að leikurinn fékk að vera til sýnis í smá stund byrjuðu nokkrir að prufa sig í honum. Í dag er oftast röð allan daginn þar sem tveir aðilar spila á móti hvort öðrum í tvær mínútur og sá sigrar sem fær fleiri stig. Þessi forngripur hefur því slegið aldeilis í gegn hjá okkur og krakkarirnir fengið smá innsýn í tölvuleiki fortíðarinnar áður en internetið sló í gegn.

Barnalýðræði í heiðri haft á Draumalandi

Á nýju ári hefur frístundaheimilið Draumaland lagt áherslu á að virkja barnalýðræði í daglegu starfi með börnunum. Strax á fyrstu dögum ársins var börnunum boðið upp á að taka þátt í kosningum þar sem kos-ið var um matseðil og dagskrá barnanna. Hugmyndin hefur lengi verið tengt frístundastarfi í borginni en þetta mun vera í fyrsta skipti sem frístundaheimilið Draumaland tekur þetta skref og býður börnunum uppá að kjósa alfarið um sína dagskrá og matseðil.

Kosningin fór þannig fram að yngri börnin fengu að haka við þrjá hluti af átta sem þeim þótti skemmtilegast að gera. Þeim stóð til boða að kjósa úr öllum þeim smiðjum sem þeim hefur staðið til boða í vetur.



Vinnusamir krakkar á Draumalandi.

Smiðjukosning hjá 1. og 2. bekk

- Matarsmiðja - 50
- Skartgripasmiðja - 26
- Spilasmíðja - 21
- Útivera - 21
- Perla - 17
- Enska - 14
- Tónlistarsmiðja - 10
- Listasmiðja - 10

Smiðjukosning hjá 3. og 4. bekk

- Matarsmiðja - 16
- Stelpuklúbbur - 16
- Skartgripagerð - 9
- Listasmiðja - 7
- Dans - 5
- Perla - 5
- Tálga - 4
- Annað fékk færri atkvæði

Eldri hópurinn, börn sem eru í þriðja og fjórða bekk, kusu einnig en þau fengu aukna ábyrgð í kosningunum og kusu bæði um matseðilinn á frístundaheimilinu og dagskrá fyrir eldri hópinn. Eins og hjá yngri hópnum kusu þau um allt það sem þeim hefur staðið til boða hingað til í vetur og voru vinæslustu atriðin valin og sett á dagskrá.

Vonir standa til að þessi leið verði að einhverskonar hefð í Draumalandi og börnin læri því smám saman hvernig kosningakerfið virki og af hverju það borgi sig að nýta sinn kosningarétt. Margir áttu mjög erfitt með að velja smiðjur eða hreinlega vildu ekki taka þátt í kosningunum og var þeim þá auðvitað frjálst að sleppa því en reynt var að útskýra fyrir hverjum og einum af hverju það væri mikilvægt að allir létu sína skoðun í ljós. Í matarkosningu hjá 3. og 4. bekk fengu þítur flest atkvæði, síðan skonsur.

Frosti ætlar í skíðaferð til Dalvíkur

Dagana 20 - 22. febrúar nk. ætlar Frosti að fara í hina árlegu skíðaferð. Að þessu sinni verður farið til Dalvíkur.

Eins og í fyrra þá er skíðaferðin sett á sama tíma og vetrarleyfi eru í Hagaskóla sem auðveldar ferðalag í miðri viku. Í fyrra fóru 55 krakkar með Frosta á Siglufjörð og heppnaðist sú ferð frábærlega. Unglingarnir voru sér sér og sinni félagsmiðstöð til sóma.

Skíðaiðkun er skemmtileg íþrótt og oft skapast skemmtilegt félagsleg tengsl milli þáttakenda í slíkum ferðum.



Borgarstjóri með íbúafund síðdegis í dag í Hagaskóla

Jón Gnarr borgarstjóri stendur fyrir íbúafundum í öllum hverfum Reykjavíkur dagana 14. – 29. janúar nk. Fundirnir eru hluti af verkefninu Betri Hverfi en frá og með mánuðeginum 14. janúar geta Reykvíkingar sett inn hugmyndir að alls kyns smærri verkefnum, nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum, sem ætlað er að bæta íbúahverfi borgarinnar. Tekið er á móti hugmyndum á samráðsvefnum Betri Reykjavík á undirvefnum Betri Hverfi. Fundurinn með Vesturbæingum er í dag, fimmtudaginn 17. janúar kl. 17.00.

Í fyrra bárust hátt í 400 hugmyndir frá borgarbúum um verkefni í hverfunum. Reykjavíkurborg hyggst enn á ný verja 300 milljónum til svokallaðra hverfa-



Hagaskóli.

potta og geta íbúar hverfanna komið með hugmyndir að verkefnum og síðan kosið um þær í rafrænum íbúakosningum sem haldnar verða dagana 14. – 19. mars nk. með sama hætti og í fyrra. Á fundunum mun borgarstjóri fara yfir verkefni síðasta árs sem nú hafa verið framkvæmd í hverfunum auk þess sem óskað verður eftir hugmyndum að

nýjum verkefnum til að bæta íbúahverfin í Reykjavík. Einnig verður óskað eftir því á fundunum að íbúar gefi kost á sér til að fylgja eftir hugmyndunum frá byrjun til framkvæmdar. Í för með borgarstjóra verða æðstu embættismenn Reykjavíkurborgar. Fyrirkomulagið verður þannig að borgarstjóri mun taka til máls, síðan verður fyrirspurnatími en svo gefst fólki kostur á því að setjast niður, ræða málin og skrá niður hugmyndir sem verða settar fram í nafni íbúafundanna í hverju hverfi.

Borgarstjóri fundar með miðborgarbúum í Ráðhúsi Reykjavíkur þriðjudaginn 22. janúar nk. kl. 17.00. Íbúar Vesturbæjar og Miðborgar eru hvattir til að mæta á þessa fundi og gera góða borg betri.

Vilja frjálsíþróttaaðstöðu í Vesturbæinn

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram tillögu í íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur um að efnt verði til viðræðna við Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR) um uppbyggingu frjálsíþróttaaðstöðu í Vesturbænum. Slík aðstaða eigi m.a. að þjóna frjálsíþróttadeild KR, sem tók til starfa um áramótin eftir langt hlé. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, vill að Reykjavíkurborg meti í samráði við KR hvort hægt sé að koma slíkri aðstöðu fyrir á félagssvæði KR eða í nágrenni þess, t.d. á túninu við Sundlaug Vesturbæjar.

„Í framhaldi af slíku staðarvali verði ráðist í hönnun frjálsíþróttavallar og kostnaður metinn við gerð hans og hugsanlega áfangaskiptingu. Ekki þarf að vera kostnaðarsamt að koma slíkri aðstöðu fyrir utan húss en líklegt er að hún verði vel nýtt af frjálsíþróttafólki úr KR og öðrum. Mikill uppgangur er í frjálsum íþróttum um þessar mundir og það færist í vöxt að við þjálfun í öðrum greinum sé mælt með frjálsíþróttaiðkun samhliða til styrkingar og fjölbreytilegrar áreynslu,“ segir Kjartan Magnússon.

Sterk hefð fyrir frjálsum í Vesturbænum

Kjartan minnir á að frjálsar íþróttir eiga sér ríka hefð í Vesturbænum enda hafi frjáls-

íþróttadeild KR lengi vel verið ein öflugasta deild félagsins og lagt drjúgan skerf til hins margfræga frjálsíþróttavors hérlandis. „Á þeim tíma hafði KR á að skipa frjálsíþróttamönnum á heimsmeðalskvarða, t.d.

Gunnari Huseby, sem varð tvívegis Evrópumeistari í kúluvarpi og Íslandsmeistari í kringlukasti og sleggjukasti, og Torfa Bryngírssyni, sem var Evrópumeistari í langstökki, Íslandsmeistari í stangarstökki og frábær sprettihlaupari. Melavöllurinn var aðal æfingasvæði deildarinnar en eftir að hann var lagður niður, fjaraði smám saman undan starfi hennar. Nú vinnur öflugur hópur að því að endurvekja deildina og hefur það framtak nú þegar hlotið góðar viðtökur meðal barna og unglunga í Vesturbænum en aðstöðu skortir. Ég vonast því til að hugmyndir um frjálsíþróttaaðstöðu í Vesturbænum hljóti brautargengi,“ segir Kjartan Magnússon. Afgreiðslu tillögunnar var frestað til næsta fundar íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar.



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Samningur um átak í fjármálalæsi undirritaður í Hagaskóla

Sl. mánudag var undirritaður samningur milli Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Samtaka fjármálafyrirtækja um átak og aðgerðir til að efla fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum landsins.

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Höskuldur Ólafsson, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja skrifuðu undir samninginn í Hagaskóla en skólinn er einn fjögurra grunnskóla sem eru tilraunaskólar í fræðslunni. Samstarf þessara aðila hefur staðið frá miðju ári 2011 en þá skipaði ráð-

herra stýrihóp til þess að fjalla um fjármálafræðslu í grunnskólum. Búndnar eru miklar vonir við að sú tilraunakennsla sem nú er að hefjast leiði í ljós hvar þessari fræðslu sé best komið fyrir í skólakerfinu og að niðurstöður tilraunanna skili sér í betra skipulagi og betra námsefni. SFF fjármagna verkefnið með því að borga laun verkefnastjóra og námsefnisgerð. Fjármálafræðsla á sér talverða hefð í Hagaskóla. Edda Kristín Hauksdóttir hefur kennt fjármál sem valgrein í 9. og 10. bekk, auk þess sem Raunveruleikur Landsbankans varð upphaflega til innan veggja skólans.



99 kr.

MARKAÐUR

– úrval af mat, heimilis- og smávörum!

ADEINS Á GRANDA



KR NAN Granda

OPIÐ 10-20 ALLA DAGA

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík:

Bætt aðgengi að fjörum og betri leiksvæði í Vesturbænum

Betri róluvellir, aðgengi að fjörum og aðgengi gangandi og hjólandi eru meðal þeirra verkefna sem íbúar í Vesturbæ völdu og komust til framkvæmda í tengslum við verkefnaval Betri hverfi í fyrra. Íbúar sendu fyrst inn hugmyndir sem síðan var kosið um í opinni rafrænni kosningu. Það kemur líklega ekki á óvart en óskir íbúa í Vesturbænum beindust þannig einkum að bættu umhverfi og útivistarmöguleikum, en einnig völdu þeir betri jólaskreytingar! Óskaverkefnið sem unnin voru í Vesturbænum eru þessi:

1. Róluvöllur við Nýlendu- og Vesturgötu var endurbættur en skipulag gerir ráð fyrir götu á þessum stað.
2. Hönnun að endurbættu dvalarsvæði við Aflagrandu 40 liggur fyrir og búið er að kaupa ný leiktæki sem sett verða upp þegar aðstæður leyfa.
3. Stærri ruslastampur var settur við strætóskýlið hjá Háskóla Íslands.
4. Búið er að hanna lagfæringar á fótboltavelli og leiksvæði við Reynimel 68 – 74, kaupa ný leiktæki og girðingarefni og verður haldið áfram með framkvæmdir þegar aðstæður leyfa.
5. Umferðaröryggi við Mela-skóla var bætt með uppsetningu stöpla eða staura til að hindra að lagt sé upp á stéttum. Aðgerðin er til bráðabirgða en sett hefur verið fram til skoðunar hugmynd um girðingu á skólalóðina á þessum stað.
6. Lynghagaróló var endurbættur. Sandur var settur í kassann, sem og nýtt malarlag á fótboltavöllinn og tyrft í kring.
7. Hjólabraut á Öldukotsróló var hellulögð.
8. Hönnun á leikaðstöðu á Landakotstúni liggur fyrir. Leiktæki hafa verið keypt og haldið verður áfram með framkvæmdir þegar aðstæður leyfa.
9. Jólaskreytingar voru settar upp í Vesturbænum fyrir jólin.

10. Aðstaða fyrir börn í garðinum við Vesturbæjarsundlaug var bætt. Sett voru upp leiktæki og umhverfið fegrað með gróðursetningu trjáplantna.

11. Aðgengi að fjöru við Eiðisgranda var bætt með stiga niður í fjöru.

12. Aðgengi að í fjöru í Skerjafirði var bætt með gerð stiga.

13. Aðgengi gangandi og hjólandi við Mýrargötu og Fiskislóð var bætt. Gerð var gönguleið yfir Mýrargötu við hringtorgið og önnur akbraut Mýrargötu þrengd til að auka umferðaröryggi.

14. Settar voru upp körfuboltakörfur á svæði KR

15. Umhverfi við Hofsvallagötu sunnan við Einimel var fegrað með gróðursetningu trjáplantna.

16. Útivistaraðstaða á grænu svæði við Brekkustíg 14b var bætt í samræði við íbúa nærliggjandi húsa.

17. Nestisbekkir voru settir á tvo áningarstaði við Ægisíðu.

Heildarkostnaður framkvæmda við verkefni Betri hverfa í Vesturbæ er tæpar 37 milljónir króna. Í ár verður haldið áfram með þessa lýðræðistilraun og einnig kallað eftir hugmyndum íbúa vegna verkefna og kosið milli þeirra í mars. Hvet ég alla Vesturbæinga til að liggja ekki á hugmyndum sínum, mæta á fund borgarstjóra um mál-ið 17. janúar kl. 17.00 í Hagaskóla og taka svo þátt í kosningunni í mars. Við getum öll lagt okkar af mörkum til að skapa betri borg!

Dagur B. Eggertsson

formaður borgarráðs



Dagur B. Eggertsson.

Fjárlögin fela í sér áherslur í atvinnusköpun

Ágæti Vesturbæingur! Við í Samfylkingunni göngum stolt til kosninga næsta vor. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur tekist á við erfiðar aðstæður í ríkisfjármálum með skýrri forgangs-röðun í þágu velferðar- og menntakerfisins. Við höfum minnkað bilið á milli ríkra og fátækra og varið kjör þeirra sem minna hafa með því að leggja meira á breiðu bökin.

Fjárlög ársins 2013 sýna best þann árangur sem við höfum náð og í þeim má sjá skýra forgangs-röðun jafnaðarmanna. Auknar tekjur af auðlindum í almannaeign, ábyrg efnhagsstjórn og stöðugur hagvöxtur gera mögulegt að auka stuðning við fjölskyldurnar í landinu. Fæðingarorlofsgreiðslur hækka strax á næsta ári og fæðingarorlofið verður lengt í 12 mánuði í áföngum til ársins 2016. Greiðslur til barnabóta eru hækkaðar og einnig til húsaleigubóta en það er í samræmi við nýja hús-næðisstefnu. Nýja stefnan felur í sér fleiri valkosti en séreigna-

stefnuna með auknu framboði á leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði í nálægð við þjónustu og almenningssamgöngur. Bygging hátt í 300 námsmannaíbúða í Vatnsmýrinni er í anda nýju stefnunnar. Ríki og Reykjavíkurborg hafa verið mjög samstíga í hús-næðismálum og meiri hlutinn í Reykjavík er með metnaðarfullar áætlanir um fjölgun lítilla og meðalstórra leiguíbúða miðsvæðis í borginni.

Fjárlögin fela einnig í sér áherslur jafnaðarmanna í atvinnusköpun. Tryggt hefur verið fjármagn í fjárfestingaáætlun Ríkisstjórnarinnar og framlög til fjárfestinga aukast um rúmlega 10 milljarða króna strax á næsta ári. Þar af fara um fjórir milljarðar af veiðigjaldi í samgönguúrbætur, sóknar-áætlunir landshluta og tækni-þróunarsjóð. En 6 milljarðar króna af arði af ríkiseignum verða nýttir í fasteignaverkefni eins og Hús Íslenskra fræða við Háskóla Íslands og fangelsi á Hólmsheiði, grænar áherslur í atvinnusköpun,

uppbyggingu ferðaþjónustu og skapandi greinar. Markmiðið er aukin fjárfesting og fjölgun starfa, sem hefur jákvæð áhrif á hag-vöxt og styrkir tekjugrunn ríkissjóðs.

Kosningar næsta vor snúast um hvort við viljum halda áfram á leið jafnaðarmanna til aukins jöfnuðar, félagslegs réttlætis og verðmætaskapandi atvinnuuppbyggingar með fjölbreyttum störfum. Við í þingflokki Samfylkingarinnar óskum þér og fjölskyldu þinni farsældar á nýju ári.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona Samfylkingarinnar í Reykjavík



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona og Vesturbæingur.



Heilbriggt samfélag, forvarnir til framtíðar



Sigbrúður Erla Arnardóttir Framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar

Viðbragðsteymi Vesturbæjar

einstakra áfalla í hverfum. Mikilvægur þáttur í starfi áfallaráða er tengslamyndun milli fulltrúa stofnana í hverfum og tengslamyndun við áfallateymi sem fyrir eru í stofnunum. Áfallaráðin þróast eftir þörfum hverfa en hafa samráð við önnur teymi í öðrum hverfum til að tryggja samhæfingu viðbragða og þekkingarflæði á milli starfsmanna.

Undanfarið ár hefur verið starfandi Viðbragðsteymi í Vesturbæ. Hlutverk Viðbragðsteymis Vesturbæjar er að leiðbeina og veita starfsmönnum í hverfi stuðning í úrvinnslu áfalla. Stuðla að markvissri vinnu og meðferð áfallamála sem upp koma í Vesturbæ Reykjavíkur. Sálræn skyndihjálpar byggist á árangursríkum aðferðum sem má nota á öruggan og fljótlegan hátt til að meta stöðu einstaklinga sem hafa lent í stórslysnum eða hamförum. Tilgangur þessarar vinnu er að draga úr uppnámi sem vill verða eftir alvarlegt áfall og þannig stuðla að betri aðlögun til skemmmi og/eða lengri tíma.

Lögd er áhersla á að allar stofnanir hafi fullnægjandi og ítarlega áætlun um viðbrögð við áföllum og tryggt sé að hver stofnun hafi tengilið við Viðbragðsteymi Vesturbæjar. Viðbragðsteymi Vesturbæjar áætlar viðbragðsteymi/áfallateymi á hverri stofnun innan Vesturbæjar Reykjavíkur eða viðbragðsteymis fulltrúa sem er tengiliður stofnunarinnar við Viðbragðsteymi Vesturbæjar. Markmið teymanna er að hafa yfirsýn yfir viðbragðsáætlanir stofnana sem og að tryggja að unnið sé eftir þeim áætlunum. Teymið tryggir að starfstaðir þar sem áfall verður fái ávallt þann stuðning sem þörf er á.

Með sterku netverki sem tryggt er með samvinnu fulltrúa úr teyllum stofnanna er ætlunin að vera starfsmönnum og íbúum innan Vesturbæjar öflugur stuðningur eins lengi og þörf er talin. Viðbragðsteymi Vesturbæjar myndar net í kringum þær stofnanir sem starfa innan Vesturbæjar og tryggir að réttar og viðeigandi upplýsingar berist til tengla hverrar stofnanna og einnig beitir það sér fyrir kynningu á efni sem tengist áfallahjálpi. Viðbragðsteymi Vesturbæjar hvetur einnig stofnanir innan Vesturbæjar til að halda reglulegar æfingar, bæði til þess að bregðast við náttúru hamförum og/eða öðrum hamförum.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurhlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfarastofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er



ÞJÓNUSTUMÍÐSTÖÐ VESTURBÆJAR
- Í ÞINU HVERFI

Hjarðarhaga 45-47, 107 Reykjavík
Sími 411 1700
Opin alla virka daga frá kl. 8.20 til 16.15

Jón Gnarr borgarstjóri:

„Tölum saman um betri hverfi“

Í fyrra óskaði Reykjavíkurborg eftir hugmyndum frá borgarbúum að smærri verkefnum í hverfum borgarinnar. Borgarbúar tóku vel við sér og komu með nærri 400 góðar hugmyndir. Embættismenn og hverfaráð Reykjavíkurborgar fóru síðan yfir hugmyndirnar og var kosið á milli 182 hugmynda í rafrænum íbúakosningum. Þar af kusu borgarbúar 124 hugmyndir sem komu til framkvæmda í fyrrasumar og haust. Hafa nú yfir 100 verkefni verið framkvæmd. Aðeins lítill hluti bíður vors. Jón Gnarr borgarstjóri segir að þetta tilraunaverkefni hafi tekist afar vel, og hann segist fullyrða að að mikill meirihluti þessara verkefna séu í anda þeirra hugmynda sem íbúar settu fram. Kjörsókn var um

8%, í sumum hverfum um og yfir 10%. Samt má enn gera betur, segir borgarstjóri.

„Óánægjuraddir heyrðust varðandi einstök verkefni og snerust þær m.a. um að borgin framkvæmdi hugmyndirnar eftir sínu höfði en ekki íbúanna. Þá kom fram sú gagnrýni að dýrari verkefni vantaði á hugmyndalistana sem kosið var um. Í ár vil ég sjá enn fleiri borgarbúa taka þátt og við þurfum einnig að tryggja virkara samráð um framkvæmdirnar.“

Opnað hefur verið fyrir góðar hugmyndir í verkefnið Betri hverfi á samráðsvefnum Betri Reykjavík. Þar geta Reykvíkingar sett inn nýjar hugmyndir, skoðað og stutt við hugmyndir annarra. Hægt verður

að setja inn hugmyndir til 15. febrúar nk. Rafrænar íbúakosningar um efstu hugmyndir verða svo haldnar dagana 14. – 19. mars nk. Reykjavíkurborg leggur aftur 300 milljónir króna í svokallaða hverfapotta á þessu ári til að koma þeim verkefnum í framkvæmd sem kosin verða.

Á næstu vikum mun ég funda með íbúum í hverfum Reykjavíkur og fara yfir verkefni síðasta árs og óska eftir uppbyggilegum hugmyndum. Þar mun íbúum gefast kostur á því að bjóða fram þjónustu sína varðandi eftirfylgni verkefna. Með því viljum við tryggja að verkefnin sem koma til framkvæmda verði í anda þeirra hugmynda sem íbúar setja fram. Ég hlakka til og hvet alla Reykvíkinga til að mæta á fundina. Reykjavík er frábær borg en við getum gert hana enn betri,” segir Jón Gnarr borgarstjóri í Reykjavík.



Jón Gnarr borgarstjóri.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



20% afsláttur
fyrir eldri borgara og
öryrkja miðað við staðgreiðslu

Þarft námskeið fyrir verðandi foreldra

Nú býðst, öllum verðandi foreldrum hið árangursríka Gottman helgarnámskeið „Að verða foreldri.“ Námskeiðið er samstarfsverkefni Rannsóknastofnunar í barna og fjölskylduvernd (RBF), sveitarfélaga og viðurkenndra Gottmanleiðbeinanda. Námskeiðið verður haldið í Reykjavík helgina 26. – 27. janúar í félagsmiðstöðinni í Hæðargarði 31. Kennslan fer fram með fyrirlestrum, og í par- og einstaklingsverkefnum og er ókeypis.

Að eignast barn framkallar gleði og ábyrgðarkennd og mörgu jákvæðu hægt að koma til leiðar í fjölskyldum í upphafi foreldrahlutverksins. Dr. Sigrún Júlíusdóttir hefur bent á að þrátt fyrir góða skipulagningu og að allt takist vel til, hefur tilkoma barns – þegar tveir verða þír – samt oftast í för með sér þörf á einhverri endurskoðun og nýrri aðlögun í parsambandinu. Því er mikilvægt fyrir verðandi foreldra að undirbúa sig. Námskeiðinu „Að verða foreldri“ er ætlað að hjálpa væntanlegum foreldrum að takast á við þær breytingar sem verða í parsambandinu með tilkomu barns. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands er hæsta tíðni sambandsslita hjá þörum þegar börn þeirra eru á aldrinum 0-3 ára. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að efla vinatengsl og nánd í sambandinu, að læra að



Ófæddu barni sýndur kærleikur og umhyggja.

stjórna ágreiningi, að vera samstillt í uppeldishlutverkinu, að þekkja grundvallaratriði í þroska barna og að vita hvert hægt er að leita eftir stuðningi og ráðgjöf þegar þörf er á. Á námskeiðinu er undirstrikað sérstakt og mikilvægt hlutverk feðra í uppeldi og þroska barna sinna. Námskeiðið skipuleggja og stjórna þau Hera Ósk Einarsdóttir félagsráðgjafi og Ólafur Grétar Gunnarsson fjölskyldu- og hjónaráðgjafi.

Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is

RESTAURANT REYKJAVÍK

ÞORRI

www.restaurantreykjavik.is

BÓKIÐ strax

Þorrahlaðborð á Restaurant Reykjavík.
Komdu og blótaðu þorrann með okkur einsog sönnum Íslendingum sæmir !

Föstudaginn 25.jan og laugardaginn 26.jan frá kl 18:00

4.300.-



RESTAURANT REYKJAVÍK

Restaurant Reykjavík, Vesturgötu 2, 101 Reykjavík – sími 5523030

Margskonar námskeið í boði hjá Hreyfilandi

Hreyfiland er fjölskylduvæn líkamsræktarstöð á Seltjarnarnesi sem var stofnuð árinu 2003. Starfsemin hætti á árinu 2008 en hefur nú farið aftur af stað á Eiðistorgi 17 og er nú boðið upp á fjölbreytta tíma fyrir alla aldurshópa enda er eitt helsta markmið Hreyfilands að koma til móts við þarfir sem flestra.

Framkvæmdastjóri Hreyfilands er Krisztina G. Agueda sem einnig er formaður íslenska Fit-ness félagsins sem sér um Fit kid á Íslandi. Krisztina er háskóla-menntaður íþróttabjálfi með framahaldsmenntun í hreyfiþroska ungbarna og örvun þeirra á fyrstu stígum ævinnar. Hún hefur 23 ára reynslu af íþróttakennslu af ýmsu toga hjá ólíkum aldursflokkum. Krisztina kennir í flestum þeim tímum sem Hreyfiland býður upp á og hveðst leggja metnað í alla þjálfun sem þar fer fram.

Krisztina kennir svokallaða mæðrafími þrisvar sinnum í viku þar sem mæður æfa á meðan börnin eru í gæsli í öruggu, litríku og örvandi umhverfi inni í salnum. Í lok tímans fá börnin að vera með í fjörunu og taka þátt í æfingunum. Það eykur enn á sérstöðu mæðrafími að Krisztina kennir stöðugt nýjar æfingar. Boðið verður upp á mæðrafími á Eiðistorgi á mánudags-, miðvikudags- og föstudagsmorgnum.

Snillingafími er ætluð þriggja til 12 mánaða gömlum börnum og geta foreldrahópar með börn á áþekktum aldri bókað einkatíma hjá Krisztinu. Í slíkum tímum fer fram fræðsla um hreyfiþroska ungra barna og sýndar eru einfaldar æfingar sem örva hreyfi- og málþroska barna.

Hreyfifími eru tímar fyrir börn á aldrinum eins árs til þriggja ára. Kennir er tvisvar sinnum í viku á Eiðistorgi en einnig verða boðnir tímar á laugardögum í Ásgarði í Garðabæ, í samstarfi við fimleikadeild Stjórnunnar.

Í Gþ-fími eða grunnþjálfunarfími fyrir börn á aldrinum þriggja til sex ára er lögð áhersla á iljar, bak og hryggsúlu, bætt jafnvægisþyngd og samþæfingu hreyfinga og kennt er tvisvar sinnum í viku á Eiðistorgi, klukkutíma í senn.

Í samstarfi við Íslenska Fitness Félagið mun Hreyfiland bjóða FitKid tíma fyrir börn á aldrinum sex til 15 ára. FitKid er byltingakennd alhliða þjálfun þar sem styrkur, hraði, sveigjanleiki, jafnvægi, frelsi og sjálfsági eru í fyrirrúmi og brúar bilið á milli margra ólíkra íþróttagreina.

Hreyfiland nýtur nú þeirrar heppni að hafa fegnið þjálfarann Master Cesar Rodriguez Luna sem er SooBahkDo þjálfari til liðs við stöðina en hann er Evrópu- og heimsmeistari í þessari íþrótt. Boðið er upp á hágæða SooBahkDo karate kennslu fyrir börn og unglinga, stúlkur jafnt sem drengi.

Zumba hefur farið sigurför um heiminn á undanförunum árum enda frábær alhliða skemmtun og hreyfing. Hreyfiland býður nú upp á zumbatíma tvisvar sinnum í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, úti á Eiðistorgi

Í tilefni þess að Hreyfiland er 10 ára í ár verður veittur 10% afsláttur af námskeiðum á vorönn.

Unnt er að nálgast allar nánari upplýsingar á heimasíðunni www.hreyfiland.is og hjá Krisztinu í síma 868 0863.

Áfram KR!

Gunni, Kobbi og Einar voru fyrirmynd á vellinum, nú á áhorfendapöllum!

Þeir Gunnar Gunnarsson, Kolbeinn Pálsson og Einar Bollason voru kjarninn í afar sigur-sælu liði KR í körfubolta sem varð Íslandsmeistari í körfubolta í fyrsta sinn árið 1965. Þegar þessir þrír leikmenn voru inn á vellinum ásamt Kristni Stefánsyni og Guttormi Ólafssyni áttu mörg lið ekki mikla möguleika gegn þeim, helst að ÍR sem hafði mikla sigurhefð með sér væri að ógna veldi KR á sjöunda áratugnum.

Þeir félagar, Gunnar, Kolbeinn og Einar fylgdust með KR vinna fjölmi í Dominos-deild karla sl. sunnudag og voru jafnframt virkir í að hvetja liðið og einnig athugasemdum, bæði um leik liðsins og dómgæsluna! Það gætu margir fyrrverandi leikmenn KR í körfubolta tekið þá féлага sér til fyrirmyndar og mætt á leiki félagsins, bæði karla og kvenna.

Kolbeinn Pálsson lék allan sinn leikmannsferil með KR og vann fjölda titla með félaginu, auk þess að vera leikjahæsti leikmaður félags með 383 leiki



Gunnar Gunnarsson, Kolbeinn Pálsson og Einar Bollason fylgjast með leik sinna manna í KR gegn Fjölni.

á árunum 1962 - 1979. Hann er eini körfuknattleiksmaðurinn sem hlotið hefur titilinn íþróttamaður ársins, en þann titil hlaut hann árið 1966, fyrstur flokkaíþróttamanna. Árið 1968 var Geir Hallsteinsson handboltamaður

ur valinn íþróttamaður ársins og árið 1973 Guðni Kjartansson, fyrstur knattspyrnumanna. Kolbeinn var formaður KKÍ á árunum 1988-1996. Einar Bollason lék 274 leiki með KR.

Rúnstykki á 50 krónur Alla daga!



Opið virka daga frá 07:30 til 18:00 og um helgar frá 08:00 til 17:00

Bernhöftsbakari ehf. | Bergstaðarstræti 13 | Sími: 551-3083

Á Hjúskaparmanum 1717 starfa sérfráðir sjálfbakslíkar sem eru alltaf til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

895 8298

borgarblod@simnet.is

Heimasíða: *borgarblod.is*

B. Markan ehf. Pípulagnir

660 6690 • 544 8611

lagnir@bmarkan.is

Skólp og drenlagnir í yfir 20 ár

Meistaraábyrgð og 50 ára ending

www.bmarkan.is

KR vann Fjölni í Dominosdeild karla

KR vann Fjölni í Dominosdeild karla sl. sunnudagskvöld með 98-87, en þetta var fyrsti leikur KR í seinni umferð deildarinnar. Eftir að hafa unnið fyrstu þrjá leikhlutana slakaði liðið eitt-hvað á svo jafnvel komst svolítið spennu í leikinn um tíma, en KR-ingar töpuðu síðasta leikhlutanum 22-25.

Stigahæstur KR-inga var Brynjar Þór Björnsson með 23 stig og 6 stoðsendingar, Martin Hermannsson skoraði 19 stig, átti 4 fráköst og 6 stoðsendingar, Finnur Atli Magnússon skoraði 18 stig, tók 4 fráköst og varði 3 skot og Helgi Már Magnússon spilandi þjálfari liðsins skoraði 15 stig og tók 10 fráköst. Næsti leikur er á Sauðárkróki gegn Tindastóli en síðan kemur heimaleikur í Frostaskjólínu gegn Keflvíkum föstudaginn 1. febrúar nk.



Finnur Atli Magnússon í átökum við Christopher Smith í leiknum.

Hjá Fjölni var Christopher Smith atkvæðamestur, skoraði 24 stig, tók 21 frákast og varði 4 skot.

Frekar strembið hjá liði KR í körfubolta kvenna

KR var að lúta í lægra haldi fyrir Grindavík í síðasta leik liðsins í Dominosdeild kvenna. Stigahæst var Sigrún Sjöfn Ámundadóttir með 20 stig og 16 fráköst, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir skoraði 13 stig og hirti 19 fráköst og Björg Guðrún Einarsdóttir skoraði 12 stig, aðrir leikmenn minna.

Skarð var fyrir skildi að dugnaðarforkurinn Helga Einarsdóttir lék ekki með KR. Hjá Grindavík var Petrúnella Skúladóttir stigahæst með 22 stig, 11 fráköst og hún hirti 6 bolta af KR-ingum. KR lék gegn Val í Frostaskjólínu í gær, en ekki er vitað hvenig sá leikur fór. Næsti leikur er útileikur gegn Keflavík 16. janúar nk. sem aðeins hefur tapað einum leik á leiktímabilinu. Liðin léku í



Frá fyrri leik KR í Dominosdeildinni.

Poweradebikarkeppninni sl. laugardag og sigruðu Keflavíkurstúlkur. Síðan er heimaleikur í deildinni gegn Fjölni 23. janúar nk.

Helga Einarsdóttir KR dugnaðarforkur fyrri hluta Dominosdeildarinnar

Helga Einarsdóttir, leikmaður KR í Domo-deild kvenna var valinn dugnaðarforkur deildarinnar þegar tilkynnt var um úrvalslið fyrri hluta deildarinnar á fystu dögum þessa árs.

Helga er vel að þessum heiðri komin, gefur sig alla í leiki KR í deildinni og er öðrum leikmönnum félagsins góð fyrirmynd.



Helga Einarsdóttir með framkæmdastjóra Dominos á Íslandi, Birgi Erni Birgissyni, sem afhenti henni viðurkenninguna.

KR-klúbburinn með þorrablót 8. febrúar nk.

Þorrablót verður á vegum KR-klúbbsins föstudaginn 8. febrúar nk. Konur og karlar munu þar blóta þorran saman með þorramat frá Múlakaffi. Allir eru velkomnir, ekki nauðsynlegt að sýna félagsskírteini í KR, en auðvitað skemmir það ekki fyrir!



Þorramatur er ekki allra, en ákaflega er þessi síður skemmtilegur og þá ekki síður þjóðlegur.

KR-SÍÐAN

KR, 4. flokkur kvenna í handbolta:

Sýna lofsverðar framfarir

Handboltadeild KR hefur gengið í endurnýjun lífsdaga síðustu tvö ár eins og kunngt er og eru KR-liðin af báðum kynjum þegar farin að stríða gömlum og rótgrónum handboltafélögum, jafnvel vinna titla.

Stundum gengur það ekki sem skildi, en þá er bara að bíta í skjaldarrendur og gera bet-

ur í næsta leik. Þannig var þegar 4. flokkur kvenna mætti Fram nýlega í Frostaskjóli, en Framstúlkur unnur leikinn 12-20. Markahæstar voru Andrea Agla og Hrafnhildur Birta með 4 mörk hvor og Guðrún gerði 2 mörk, Helga Þóra og Elín Arna eitt mark hvor.



Þétt vörn KR-inga heypir Framaranum ekkert áleiðis.



Mark í uppsiglingu.

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

GETRAUNANÚMER

KR ER 107

Nýr og spennandi matseðill

Steikur, hamborgarar, samlokur, pítur, pizzur og smáréttir

Komdu við og njóttu ljúffengra
veitinga í vinalugu umhverfi á
Hróa Hetti, Hringbraut 119

Við sendum
einnig heim
ljúffengan mat
af grillinu



30
tommu
RISAPIZZA
í barnaafmælið
-slær alltaf í gegn!



HRÓI HÖTTUR • HRINGBRAUT 119 • SÍMI 55 44 444